

Sp.

77. Tillaga til þingsályktunar

[68. mál]

um öryggisbúnað smábáta.

Flm.: Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að þegar verði settar reglur um öryggisbúnað og eftirlit með opnum smábátum.

Greinargerð.

Engar lágmarkskröfur hafa enn verið gerðar af hálfu opinberra aðila um flotbæfni og öryggisbúnað þeirra báta, sem eru 6 metra langir milli stafna eða minni. Ofan þeirra stærðarmarka eru skip og bátar á hinn bóginn skoðunarskyld samkvæmt lögum um Siglingamálastofnun ríkisins.

Bátar af þeirri stærð, sem ekki eru skoðunarskyldir, hafa alla tíð verið notaðir af okkar þjóð á sjó, ám og vötnum í margvislegum tilgangi. Sú notkun virðist fremur fara vaxandi hin síðustu ár, ekki síst á þann veg að bátarnir eru notaðir sem leiktæki, gjarnan með mjög kraftmiklum vélum. Einnig tíðkast nú stofnun sérstakra siglingaklúbba á vegum ungs fólks, þar sem smábátar eru notaðir, og má búast við að slík starfsemi fari vaxandi. Á sama tíma hefur það gerst, að trébatum fer fækkandi, en plastbátar koma í staðinn. Plastbátar eru þægilegir í notkun, léttir og meðfærilegir, en þeir eru kvikir í hreyfingum, hálir þegar þeir blotna og afsleppir ef út af ber.

Á undanförnum árum hafa orðið hörmuleg slys hvað eftir annað af smábátum, bæði á sjó og vötnum. Margir hafa þó hjargast og sumir nauðulega þegar óhöpp hafa orðið. Ætla má að slysin hefðu orðið færri og óhöppin ekki eins alvarleg, ef meira öryggis hefði verið gætt í búnaði bátanna. Skal þó öryggisbúnaði bátsverja sjálfra ekki gleymt.

Þessi mál hafa orðið mörgum umhugsunarefni á undanförnum árum. Þau hafa t. d. komið til umræðu hvað eftir annað á þingum Slysavarnafélags Íslands. Á 17. landsþingi Slysavarnafélags Íslands 1976 var m. a. samþykkt svofelld ályktun:

„17. landsþing S. V. F. Í., haldið í Reykjavík 30.4.—2.5. 1976, ítrekar fyrri áskoranir sínar til stjórnvalda um setningu sérstakrar reglugerðar fyrir opna smábáta 6 metra og styttri.

Þingið telur mál þetta hafa dregist úr hömlu og óskar tafarlausra aðgerða í því.“

Með tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Á undanförnum árum hafa mörg slys orðið á sjó og vötnum, þar sem rekja hefur mátt orsakir þeirra til þess að öryggi bátanna hefur verið ábótavant, enda af opinberri hálfu engar kröfur gerðar til flothæfni þeirra, traustleika eða búnaðar. Þarf því nauðsynlega að setja reglur þar um. Aukin smábátaeign gerir málið enn brýnna, þannig að vart er sæmandi annað en settar verði reglur um slíka báta og notkun þeirra eins og farið er að gera í nágrannalöndum okkar.“

Samþykkt samhljóða.

Í viðtali við dagblaðið Tímann 23. ágúst s.l. ræðir Hannes Hafstein framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins þessi mál, en þetta viðtal er birt sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu.

Siglingamálastjóri hefur að undanförunni unnið að því að kynna sér reglur, sem gilda á Norðurlöndum um öryggisbúnað og flothæfni skemmtibáta, í því skyni að þær verði uppistaða í sambærilegum reglum hér á landi. Þetta ætti að flýta fyrir framgangi þessa nauðsynjamáls, sem dregist hefur óhæfilega lengi. Nauðsynlegt er þó að þessar reglur nái ekki einvörðungu til skemmtibáta, heldur einnig og ekki síður til báta sem notaðir eru í atvinnuskyni og ekki eru skoðunarskyldir. Þýðingarmikið er einnig að reglur af þessu tagi séu ekki of þungar í vöfum og ekki of kostnaðarsamar í reynd, eigi þær að verða virkar.

Í ábendingu Hannesar Hafsteins, sbr. fylgiskjal hér á eftir, kemur fram að á plastbátum er nauðsyn að hafa líflínu við bæði borð, ásamt lengri línunni til þess að snúa bátinum eða vega sig eftir á kjöl, ef honum hvolfir; enn fremur að smábátar yfirleitt séu búnir talstöðvum og málaðir áberandi litum, sem auðvelt er að koma auga á. Þessi atriði eru naumast svo kostnaðarsöm að ofviða séu nokkrum þeim sem eiga eða nota báta af þessu tagi á óstæðu vatni.

Í reglum þeim, sem hér er lagt til að settar verði, þurfa að vera ákvæði um framkvæmd þeirra og hvernig eftirliti verði háttað. Við fyrstu sýn kann að virðast eðlilegt að sá þáttur málsins sé í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins. En sé betur að gáð má telja líklegt að af því mundi hljótast óhóflegur kostnaður. Þess vegna þarf að finna ódýrari lausn. Hugsanlegt er að fela hinum almennu lög-gæslumönnum þetta eftirlit og gera þeim jafnframt kleift að beita viðurlögum, jafnvel taka báta í sína vörslu, sé fyrirmælum reglugerðar ekki hlýtt. Þau atriði þarfnast nánari athugunar, m.a. viðræðna við lögregluþingvöld. Að öðru leyti sýnist eðlilegt, að reglur þessar séu settar í nánú samráði við Slysavarnafélag Íslands, og Siglingamálastofnun ríkisins.

Ég legg mikla áherslu á að þetta mál má ekki dragast. Slys, sem orðið hafa, verða ekki bætt. En ef við getum með tiltölulega einföldum reglum og viðráðanlegum kostnaði komið í veg fyrir eitthvað af slysum af þessum toga í framtíðinni, þá er óverjandi að koma ekki slíkum reglum fram.

Fylgiskjal.

Hannes Hafstein framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins:

Það vantar reglugerð fyrir smærri báta.

Það eru engar öryggisreglur fyrir báta undir sex metrum og þeir eru ekki skráningarskyldir, sagði Hannes Hafstein, framkvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands í samtali við Tímann. En eins og kunnugt er þá hvarf sportbátur á Faxaflóa á laugardagskvöldið og fannst ekki fyrr en á sunnudag. Eigandi bátsins hafði engin öryggistæki um borð, en Hannes sagði, að báturinn hefði eflaust fundist strax á laugardagskvöld, ef eigandinn hefði verið ögn fyrirhyggjusamari. — Auðvitað vant-

ar reglugerð fyrir þessa báta, og ekki síst þegar þess er gætt, hve margir eiga sportbáta í dag. En sem betur fer þá huga menn meira að öryggisreglum, þegar stofnaðir eru klúbbar í kringum þessa báta, eins og t. d. Snarfari.

Hannes sagði, að það væri vilji forráðamanna Slysavarnafélagsins, að settar væru a. m. k. ákveðnar reglur, sem eigendur smærri báta yrðu að fara eftir. Þannig minntist hann á talstöðvar og að eigendur bátanna máluðu þá í sérstökum litum, sem auðvelt er að koma auga á. Einnig taldi Hannes það mikilvægt, að plastbátar væru búnir línunum með borðstokkunum báðum megin, þannig að menn geti haldið sér í. Plastbátarnir eru yfirleitt mjög léttir og hætt við að hvolfa, og í bleytu er plastið mjög hált, þannig að jafneinfalt öryggisatriði og þetta getur riðið baggamuninn.

Ég hef talað um, að séu flotlínur í sitt hvoru borði á þessum bátum svo hægt sé að kasta þeim yfir bátinn geti menn þannig vegið sig upp eftir línunni og komist á kjöl, sagði Hannes. — Ef ekki er hægt að rétta bátinn við með þessum hætti, geta menn verið á kjöl, nokkuð sem er mikilvægt, þegar haft er í huga hve sjórinn og íslensku fjallavötnin eru köld.